

Andakílsá.

Formaður Veiðifélags Andakílsár, Guðmundur Þorsteinsson fór þess á leit við mig, að ég gerði úttekt á Andakílsá og þá með sérstöku tilliti til hugsanlegra áhrifa Andakílsárvirkjunar á lífríki árinna. Jafnframt bað hann mig um að gera áætlun um hvernig best verði staðið að fiskirækt í ánni.

Verður að segjast að litlar athuganir hafa farið fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar sem lúta beint eða óbeint að áhrifum Andakílsárvirkjunar á lífríkið í ánni, en að þessum málum verður hugað í ár. Er því óraunhæft að fullyrða nokkuð um áhrif virkjunarinnar að sinni, en þó get ég ekki hjá líða að minnst á eitt atriði varðandi virkjunina sem hugsanlega hefur neikvæð áhrif á lífríkið í ánni, en þar á ég við dægursveiflur þær sem eru á vatnsborði árinna vegna breytilegrar rafmagnsframleiðslu, þannig að nokkur hluti árfarvegarinn er ýmist á þurru eða í bólakafi. Hætt er við að botndýr þrífist ekki á þessum svæðum. Rýrir þetta seiðaframleiðslu árinna að sama skapi, því botndýr eru aðalfæða seiðanna.

Formaður Stangveiðifélags Akraness, Benedikt Jónmundsson segist hafa komið að ánni einn daginn og séð dauð seiði liggja á víð og dreif við árbakkann og á eyrum. Höfðu þau greinilega dagað uppi. Verður reynt að ganga úr skugga um það hvort hér hafi verið um einstakt fyrirbæri að ræða eða ekki.

Rafmagnsframleiðsla hefur stundum dottið alveg niður í smá tíma og vatnsrennsli svo til alveg stöðvast á meðan. Getur ástandið orðið svo slæmt að aðeins er ca. 1/4 af venjulgri breidd árinna undir vatni. Getur þetta haft allveruleg áhrif á lífríkið í ánni og skert mikið framleiðslugetu hennar á sjógönguseiðum.

Fiskiræktaráætlun

1. Varðandi gerð nýrra veiðistaða vísa ég til greinar minnar frá því í fyrra. Ég er reiðubúinn að veita nánari upplýsingar um gerð veiðistaða og staðsetningu sé þess óskað.

Ég álít að framkomnar hugmyndir um helmingaskipti á kostnaði við gerð veiðistaðanna milli veiðifélagsins og landareiganda séu nokkuð sanngjarnar.

2. Vorið 1980 var sleppt 1000 merktum gönguseiðum í lónið fyrir ofan virkjun og öðrum 1000 merktum gönguseiðum fyrir neðan virkjun. Ef þau skila sér að einhverju ráði núna í sumar ætti að fást miklisverð vitneskja um möguleika seiða til þess að lifa af ferðalag í gegnum virkjunina. Ég verð þó að vara við mikilli bjartsýni á því að niðurstaða gönguseiðasleppinganna gefi raunhæfa mynd af dánartölu seiða sem fara í gegnum virkjunina. Gönguseiði hafa skilað sér heldur illa í Andakílsá.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hjá Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi, varðandi gerð túrbína, fallhæð og lengd þrýstipípu ætti hlutfallslega mikill fjöldi seiða að lifa af ferðalag í gegnum virkjunina. Þó er straumhraðinn nokkuð mikill og gæti það haft neikvæð áhrif á afkomumöguleika seiðanna. Ég vil aðeins nefna það að í þeim erlendu greinum sem ég hef séð varðandi afkomu seiða sem fara í gegnum virkjanir er oftast minnst á dánartölu frá tíu til fimmtíu af hundraði.

3. Gönguseiðagildra. Til þess að meta árangur sleppinga á litlum laxaseiðum á ólaxgengan hluta vatnakerfis, er raunhæfasta leiðin sú að einfaldlega telja þau gönguseiði sem koma úr ákveðinni sleppingu. Eru hér tveir mögulegir valkostir og tel ég þann síðari miklu betri.

a) Gönguseiðagildru mætti koma fyrir strax fyrir neðan virkjun. Hún myndi þá veiða þau gönguseiði sem koma í gegnum virkjunina af efra svæðinu, og þannig gefa vísbendingu um árangur af seiðasleppingu.

b) Í samtali mínu við Ásgeir Sæmundsson kom hann með þá hugmynd að færa gönguseiðagildruna frekar upp fyrir virkjun. Finnst mér þessi valkostur miklu betri en sá fyrri.

Staðsetning gildrunnar yrði þá líklega best fyrirkomioð við úttakið úr Skorradalsvatni. Ásgeir tjáði mér að það stæði til að endurbæta úttaksmannvirkið og virðist þá kjörið að nota það tækifæri til nánari samvinnu milli veiðifélags og virkjunar um gildrugerð þar.

Litlum laxaseiðum ("sumaröldum") sem sleppt væri í Skorradalsvatn kæmu þá til með að veiðast í gildruna þegar þau héldu til sjávar, tveimur til þremur árum eftir sleppingu, þar sem þau yrðu síðan selflutt niður fyrir virkjun. Með þessu móti er unnt að komast hjá þeim seiðadauða sem yrði við það að þau færu í gegnum virkjunina. Ef seiðagildran og sömuleiðis seiðasleppingarnar heppnast vel má hugsa sér að unnt sé að gera grófa aflaspá fyrir árið á eftir út frá þeim fjölda gönguseiða sem koma úr Skorradalsvatni.

Ég vil þó taka fram að umsjón með gönguseiðagildru fylgir talsverð vinna, t.d. verður að tæma gildruna nokkrum sinnum á dag yfir hágöngutímamann.

4. Fiskiendur. Í nýrri grein eftir Paul Hagala, sem er fiskifræðingur í Noregi, skýrir hann frá niðurstöðum athuganna sinna á fiskiöndum. Helstu niðurstöðurnar eru þær að ein fiskiönd éti um og yfir 30 stór seiði á dag. Fíknust er hún í laxaseiði.

Rannsóknir á fljóti í Kanada stóðu yfir í tíu ár, þar sem fiskiönd var látin óáreiðt fyrstu fimm árin en næstu fimm ár haldið frá ánni. Rannsóknirnar sýndu að á síðara tímabilinu var fjöldi gönguseiða fjórum til fimm sinnum meiri en á hinu fyrra.

Að sögn Sverris Hallgrímssonar, starfsmanns Andakílsársvirkjunar og sömuleiðis Guðmundar Þorsteinssonar eru þetta 6-10 fiskiendur á ánni á haustin eftir að frysta tekur. Það má gera ráð fyrir að endurnar éti talsvert af seiðum sem annars hefðu orðið gönguseiði að vori.

Samkvæmt framansögðu má ætla að aðgerðir sem stuðla að því að halda fiskiönd burtu frá ánni auki laxa- og sjóbleikjugengd í ána. Toppönd mætti þá skjóta en gulönd yrði að reka burt, því hún er friðuð allt árið.